

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Móstekkur 14-16, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. mars 2022, tillögu að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að Móstekki 14-16, Selfossi. Í breytingunni felst að byggingarreitur er færður til á lóðinni og heimilt er að byggja eina byggingu í stað tveggja áður og íbúðum fjölgað úr 8 í 10. Bílastæði á lóð verða 16.

Víkurheiði 10-16, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. mars 2022, tillögu að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að Víkurheiði 10-16, Selfossi. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóða breytist og fer úr 0,25 í 0,30, auk þess sem byggingarreitur lengjast lítillega.

Austurvegur 65, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. mars 2022, tillögu að deiliskipulagsbreytingu að Austurvegi 65, Selfossi. Breytingin felst í færslu skipulagsmarka að norðanverðu til suðurs. Jafnframt minnka byggingarreitur II og IV lítillega. Einnig er gert ráð fyrir mögulegri færslu lagnaleiða. Þá tekur breytingin til gr. 1.1 og 3.8 í greinargerð, þar sem gerð er ítarlegri grein fyrir stærðum og staðháttum, auk kvaða. Að öðru leyti en að ofan greinir, gilda skipulagsskilmálar eldra skipulags sem samþykkt var 12. janúar 2005 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 940/2006.

Ofangreindar skipulagstillögur hafa hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 30. mars 2022.

F.h. bæjarstjórnar,

Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2022